

Og stundin var, eins og eftir pöntun,  
við dóttir mín á heimleið, sem var orðin nokkuð löng.  
Að barna sið, hún spurði um eitt og annað,  
Og óvænt kom þá spurningin svo að hjartað kiptist við.

Svo mamma!  
Er komum við til himna má ég snerta stjörnur?  
Förum við bara í heimsókn, eða til að búa þar?  
Má ég kyssa ömmu og afa? Fæ ég englavængi tvo?  
Vill Guð kannski fá pínulítinn engil  
til að pússa regnbogann?

Ég segi satt, ég ók þar út í kantinn  
og sat um stund og þerraði af augum mínum tár.  
Ég sagði, Guð besta gjöfin þín er barnið  
og blessað veri sakleysið sem kveikir von í sál.

Eins og:  
Er komum við til himna má ég snerta stjörnur?  
Förum við bara í heimsókn, eða til að búa þar?  
Má ég kyssa ömmu og afa? Fæ ég englavængi tvo?  
Vill Guð kannski fá pínulítinn engil  
til að pússa regnbogann?

Ég hugsaði um það kvöldið allt og hjartað mitt það söng,  
ég bað við rúmið hennar og bænin var ei löng.

Guð er kem ég upp til himna má ég snerta stjörnur?  
Ég vil ekki koma í heimsókn, heldur til að búa þar.  
Hitta fjölskyldu og vini og frelsara minn sjá  
og herra, get ég orðið svona engill  
sem annast regnbogann?  
Má ég pússa regnbogann?

*Jeff Bates – Jónas Friðrik Guðnason*

### *Faðir vor*

Ég ætla mér út að halda,  
örlögin valda því.  
Mörgum á ég greiða að gjalda,  
það er gömul saga og ný.

Er mánaljósið fegrar fjöllin  
ég feta veginn minn.  
Dyrnar opnar draumahöllin  
og dregur mig þar inn.

Guð einn veit, hvert leið mín liggur,  
lífið svo flókið er.  
Oft ég er í hjarta hryggur  
en ég harka samt af mér.

Ég þakkar sendi, sendi öllum.  
Þetta er kveðjan mín.  
Ég mun ganga á þessum vegi  
uns lífsins dagur dvín.

Eitt lítið knús, elsku mamma,  
áður en ég fer.  
Nú er ég kominn til að kveðja,  
ég kem aldrei framár hér.

Ég mun ganga á þessum vegi  
uns lífsins dagur dvín.  
*Þorsteinn Einarsson – Einar Georg Einarsson*



### *Moldun*

Nú legg ég augun aftur,  
ó, Guð, þinn náðarkraftur  
mín veri vörn í nótt.  
Æ, virst mig að þér taka,  
mér yfir láttu vaka  
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*Foersom – Sveinbjörn Egilsson*

Ég fel í forsjá þína,  
Guð faðir, sálu mína,  
því nú er komin nótt.  
Um ljósið lát mig dreyma  
og ljúfa engla geyma  
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*Foersom – Matthías Jochumsson*

### *Blessun*

### *Eftirspil*

*You'll never walk alone*  
*Hammerstein / Rodgers*



Prestur: Sr. Guðbjörg Arnardóttir  
Tónlistarflutningur:  
Guðrún Árný Karlsdóttir og Páll Óskar Hjálmtýsson  
Umsjón: Fylgd

*Innilegar þakkar fyrir samúð og hlýhug.*



## *Guðný Krístrún Davíðsdóttir*

*Fædd 9. apríl 1989*

*Dáin 12. maí 2022*

*Útför frá Selfosskirkju  
föstudaginn 27. maí 2022*

## Forspil

Himnaganga / Hovard Blake / Karl Olgeir Olgeirsson

## Signing – Bæn

*Time to say goodbye*  
Sartori – Peterson

## Ritningarlestur

Ég sé lífsins tré  
á háum hól  
á himni sé ég bjarta morgunsól  
og ég hugsa með mér  
þetta' er yndisleg jörð

Ég sé gömul hjón  
og glæðleg börn  
sem ganga frjáls við litla tjörn  
og ég hugsa með mér  
þetta' er yndislegt líf

Með bjartsýni' í huga  
ég býð þeim góðan dag  
ég brosi er ég heyri  
þau syngja þetta lag  
og með von og trú  
í veröldinni nú  
við getum lifað ég og þú

Ég sé lítil börn  
og lífsins tré  
og lífið sjálft er allt sem ég sé  
og ég hugsa með mér  
þetta' er yndislegt líf

og ég hugsa með mér  
þetta' er yndisleg jörð.

Weiss – Kristján Hreinsson

## Guðsþjall

Skrýtið hvernig allt nú er.  
Ég skoða enn og aftur myndirnar af þér.  
Í skotum hugans búa minningar um allt það  
sem ljúft var.

Um bjart vor  
mín gæfuspor.

Þú leiddir mig inní ljósið  
hvar lífið dafnar alltaf best.  
Þú þráðir alla tíð ljósið.  
Nú er sólin reyndar sest,  
en samt er sem þú lýsir mér.

Gerist margt á langri leið,  
líka sumt sem getur valdið ringulreið.  
Það veltur þangað víst sem vera vill um flest.  
En ég veit nú svo vel.

Þú leiddir mig inní ljósið  
hvar lífið dafnar alltaf best.  
Þú þráðir alla tíð ljósið.  
Nú er sólin reyndar sest,  
en samt er sem þú lýsir mér enn.

Í sandi spor.  
Senn kemur vor.

Þú leiddir mig inní ljósið  
þar sem lífið dafnar alltaf best.  
Þú þráðir alla tíð ljósið.  
Nú er sólin rjóða sest,  
en samt er sem þú lýsir minn veg.

Þú ert ennþá hér.

Andri Þór Jónsson / Birgir Steinn Stefánsson – Stefán Hilmarsson



## Minningarorð

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt  
sérhver alda rís en hnigur jafnan skjótt  
hverju orði fylgir þögn  
og þögnin hverfur alltof fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund  
skaltu eiga við það mikilvægan fund  
því að tár sem þerrað burt  
aldrei nær að græða grund.

Líttu sérhvert sólarlag,  
sem þitt hinsta væri það.  
Því morgni eftir orðinn dag  
enginn gengur vísunum að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr  
enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.  
Því skaltu fanga þessa stund  
því fegurðin í henni býr.

Líttu sérhvert sólarlag,  
sem þitt hinsta væri það.  
Því morgni eftir orðinn dag  
enginn gengur vísunum að.

Bragi Valdimar Skúllason

*Bæn*